

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2021
UST202105-329/A.B.
10.05.07

**Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - grunnvatn á lóð að Kirkjuvogi í Höfnum –
Stofnfiskur ehf.**

Vísað er til erindis Orkustofnunar er barst 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn Stofnfisks ehf. um nýtingarleyfi til töku á allt að 225 l/sek af söltu grunnvatni (jarðsjó) á lóð fyrirtækisins að Kirkjuvogi í Höfnum, Reykjanesbæ. Sótt er um leyfi til notkunar fjögurra borhola til 20 ára.

Í greinargerð kemur fram jarðvegurinn sem þekur vesturhluta Reykjanes-skaga einkennist af gegndraepu hrauni. Ekki er gert ráð fyrir að sjótaka hafi afgerandi áhrif á grunnvatnsstöðu þar sem lítið er af ferskvatni við Hafnir og áætlað er að dæla mestmeginnis 7-8°C heitu vatni með hárrí seltu eða 228 ppm.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir eldi fyrirtækisins í Kirkjuvogi og gildir það til ársins 2037.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og tekur fram að grunnvatnshlot sem framkvæmdarsvæðið tilheyrir nefnist Reykjanes og hefur vatnshlotanúmerið 104-263-G. Eina skráða á lagið á vatnshlotið í vatnavefsjá stjórnar vatnamála er frá jarðvarmavirkjun á Svartsengi. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óþekkt. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst,

Agnes Porkelsdóttir
Agnes Porkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur